

**Ed.**

## **6. Frumvarp til laga**

um heimild til þess að selja jarðeignirnar Stagley og Sperðlahlíð.

Flm.: Gísli Jónsson.

Heimilt skal ríkisstjórninni að selja eftirtaldar jarðeignir:

- a. Stagley á Breiðafirði til Flateyjarhrepps.
- b. Sperðlahlíð í Suðurfjarðahreppi til Magnúsar Kristjánssonar, ábúanda og eiganda að Langabotni í Arnarfirði.

### **G r e i n a r g e r ð .**

Stagley á Breiðafirði er óbyggð eyja, sem liggur skammt suður af Bjarneyjum, en Bjarneyjar eru nú að hálfu leyti eign Flateyjarhrepps. Eignast ríkissjóður Stagley, er hann kaupir Reykhóla, en þeirri jörð hafði hún fylgt um langan aldur og jafnan nýttuð þaðan, þar til nú á seinni árum, að Flateyjarhreppur tekur hana á leigu handa bændum á Bjarneyjum, er nú nytja eyjuna. Varp er svo að segja ekkert á eyjunni, en slægjur góðar, sem þó ekki svarar kostnaði að nytja frá Reykhólum, en eru hins vegar Bjarneyingum ómissandi, ef þeir eiga að geta haldizt við búskap. Á eyjunni eru engin hús né önnur mannvirki.

Sperðlahlíð er lítið harðbalakot innst í Arnarfirði, sem verið hefur í eyði nú í nokkur ár, og engin líkindi til þess, að það verði byggt á ný, enda hafa hús öll verið rifin niður og flutt á brott, en jörðin leigð til beitar til bóndans á næsta bæ, Magnúsar Kristjánssonar í Langabotni. Með því að selja honum jörðina og leggja hana þannig sem aukíð beutiland undir Langabotn, gæti sú jörð veitt bóndanum þar miklu betri afkomu.

Er þess vænt, að háttvirt Alþingi fallist á að heimila að selja báðar þessar jarðeignir.